

Reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir



Október 2012

Útgáfa 1/2012

Nýjar reglugerðir

Mikilvægar tímasetningar:

- * 1. desember 2010: CLP flokkun efna tekur gildi í ESB.
- * 29. október 2012: Flokkun og merking hreinna efna í samræmi við CLP.
- * 1. júní 2015: Flokkun, merking og umbúðir efnablanda í samræmi við CLP.
- * 1. júní 2017: Allar efnablöndur komnar með CLP merkingu.

Innihald:

Ný reglugerð	1
Ábyrgð með flokkun efna	1
Tímasetningar	2
Ný flokkun og merking	3
Áhrif	4

Ný reglugerð

Ný reglugerð nr. 866/2012 um flokkun og merkingu efna og efnablanda hefur tekið gildi. Hún byggir á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008 (CLP, Classification, Labelling and Packaging). Með reglugerðinni er tekin upp samræmd flokkun og merking hættulegra efna á heimsvísu, ný

hættumerki líta dagsins ljós auk nýrra hættuflokka og hættu- og varnaðarsetninga. Ábyrgðin með flokkuninni færir frá yfirvöldum yfir á atvinnulífið en flokkun nokkurra varasömustu efnanna verður áfram samræmd. Reglugerð nr. 236/1990 gildir samhliða til 1. júní 2015.

Ábyrgð með flokkun efna

Framleiðendur og innflytjendur (ábyrgðaraðilar) verða nú ábyrgir fyrir flokkun efna en yfirvöld verða áfram ábyrg fyrir flokkun þeirra efna sem flokkuð skulu með samræmdum hætti. Framleiðendur efnablanda hafa auk fyrrnefndra ábyrgðaraðila það hlutverk að afla þeirra gagna sem hættuflokkun skal grundvallast af. Samræmdri flokkun er viðhaldið fyrir efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi, skaðleg æxlun og valda ofnæmi í öndunarfærum auk virkra efna í varnar- og sæfiefnum. Meta verður í hverju tilfalli fyrir sig hvort ástæða sé fyrir samræmdri flokkun á öðrum efnum. Ábyrgðaraðilar skulu ákvarða flokkun efnanna og skila til Efnastofnunar Evrópu (ECHA) upplýsingum um flokkun hættulegra efna innan mánaðar frá markaðssetningu. Ekki skal aðeins ákvarða flokkun efna

sem fara á markað sem slík heldur einnig innihaldsefna í hættulegum efnablöndum og öll skráningar-skyld efni skv. REACH þar með talin skráningarskyld efni í hlutum. Ætlast er til þess að ábyrgðaraðilar komi sér saman um flokkun efna sem fleiri en einn framleiðaða eða setja á markað. Út frá þeirri flokkun hefur nú verið útbúin sérstök flokkunarskrá (*inventory*) þar sem birt er sú flokkun efnisins sem ábyrgðaraðilar hafa tilkynnt. Flokkunarskráin er vistuð á formi gagnagrunns hjá ECHA og virkar sem viðbót við efnalista reglugerðarinnar.



Hættumerki: Heilbrigðishætta

Ábyrgðin með
flokkun efna
færist frá
yfirvöldum til
atvinnulífsins

Ábyrgðaraðilar ættu yfirleitt ekki að þurfa að gera prófanir utan þeirra sem krafist er skv. REACH. Ef flokka þarf efni utan gildissviðs REACH er nægilegt að styðjast við fyrirliggjandi gögn. Ef slík gögn eru ekki til staðar eða ófullnægjandi skal fylgja ákveðnum reglum um gagnaöflun sem felur í sér samanburð við hliðstæð efni eða



Hættumerki: Um-
hverfishætta

blöndur en framkvæmd prófana er lokaúrræði nema fyrir eðliseiginleika efna. Með því að fylgja fyrirmælum reglugerðarinnar ætti að vera hægt að komast hjá öllum ónauðsynlegum tilraunum og það er sérstaklega mikilvægt þegar kemur að tilraunum á dýrum.

Flokka skal efni
upp á nýtt og
tilkynna til
Efnastofnunar
Evrópu

Ein reglugerð í stað tveggja tilskipana

Reglugerðin byggir alfarið á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008 (CLP reglugerð) sem gekk í gildi í einstökum ríkjum þess í upphafi árs 2009 og kemur í stað eldri tilskipana nr. 67/548/EBE (efni) og 1999/45/EB (efnablöndur). Hér á landi verður áfram í gildi reglugerð nr. 236/1990 sem hefur verið breytt alls 21 sinni. Hún mun falla úr gildi 1. júní 2015.

Tímasetningar

Merkingar umbúða skv. reglugerð nr. 236/1990 munu gilda fyrir efnablöndur til 1. júní 2015. Í millitíðinni verða í gildi tvenns konar flokkunarkerfi fyrir hrein efni svo að merkja megi efnablöndur skv. gömlu reglunum. Tveggja ára aðlögunartími er að auki gefinn fyrir vörur sem komnar eru á markað. Þannig geta efnablöndur verið á markaði með upprunalegar, gamlar merkingar til 1.



Hættumerki:
Hauskúpa

júní 2017. Hins vegar hefur efnalistinn í fylgiskjali 1 við reglugerð 236/1990 nú fallið úr gildi og nýr listi tekinn við sem nú er birtur í 3. hluta í VI. viðauka nýju reglugerðarinnar. Heimilt verður að merkja skv. CLP reglugerðinni fyrir þessi tímamörk en þá skal ekki nota gömlu merkingarnar. Upplýsingar um leit í efnalistum er að finna á www.ust.is.

Aðdragandi

Undirbúningur reglugerðarinnar nær mörg ár aftur í tímann þegar viðræður hófust á vettvangi SP um samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna á heimsvísu þar sem taka þurfti tillit til ólíkra reglna og hugmyndafræði í hinum ýmsu löndum. Árið 2003 var loks komist að samkomulagi. Upp úr þessu varð til alþjóðlegt flokkunar- og merkingarkerfi (Globally Harmonised System, Grunnur að hnattrænni samræmingu, GHS) sem reglugerðin fylgir að því leyti sem gildissvið GHS samræmist núverandi kerfi. GHS nær yfir fleiri svið en varðar gildissvið CLP reglugerðarinnar og var einmitt hannað á þann hátt að þann hátt að taka mætti það upp eftir þörfum.

Ný flokkun og merking

Ekki eru aðeins teknar upp nýjar reglur um flokkun heldur verður breyting á hugtökum.

Flokkun efna ákvarðast af hættuflokkum (*hazard classes*) og viðeigandi hættumerki (*hazard pictogram*) sem eru hliðstæð varnaðarmerkjum (*danger symbol*) í núverandi kerfi. Hættumerkin eru sýnd með myndum í þessu skjali.

Hættuflokkarnir hafa verið skilgreindir alveg upp á nýtt skv. nýrri hugmyndafræði og áherslan er nú á að gefa betur til kynna hvers eðlis hættan er fremur en hversu mikil hún er. Undirhættuflokkur (*hazard category*) sem á ekki samsvörun í núverandi kerfi ákvarðar hins vegar mismunandi hættustig.

Auk hættumerkis munu sérstakar staðlaðar setningar sem fyrir miðla upplýsingum. Staðlaðar hættusetningar (*hazard statements*) koma í stað fyrri hættusetninga (*risk phrases*) og varnaðarsetningar (*precautionary statements*) í fjórum liðum koma í stað fyrri varnaðarsetninga (*safety phrases*). Þessir fjórir liðir snúa að því að fyrirbyggja skaða, viðbrögð, geymslu og förgun. Hættu- og varnaðarsetningarnar eru fleiri en áður en sem fyrir verða reglur um val á hættu- og



Hættumerki: Upp-
hrópunarkerfi

varnaðarsetningum.

Varnaðarsetningarnar verða 110 í stað 50 og meira frelsi verður um val á þeim.

Undir nýju hættumerkjnum verða ekki lengur einkennandi skýringarorð en í þeirra stað skal annað hvort fylgja orðið hætta (*danger*) eða varúð (*warning*) sem ræðst af hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Hættumerkin

eru níu talsins eða einu færri en varnaðarmerkin gömlu sem hefur í för með sér vissa einföldun en aftur á móti eru hættuflokkarnir fleiri líkt og hættu- og varnaðarsetningarnar.

Tekið er á nokkrum atriðum í reglugerðinni sem eru utan GHS og má þar helst nefna ósoneyðandi efni sem flokkuð eru sérstaklega skv.

reglugerðinni. Nokkrar hættusetningar sem voru hluti af gamla kerfinu er ekki að finna í GHS og eru aðgreindar sérstaklega. Með því móti er tryggt að ákvæði nýju reglugerðarinnar veiti ekki minni vernd en verið hefur.

Kröfur til umbúða byggja sem fyrir á ákvæðum um öryggi, útlit og styrkleika. Þá er ákvæði um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun að finna í viðauka II.

Viðvörðunorð

(signal words):

Stigskipt

viðvörðunorð

fylgja

hættumerkjnum og

gefur undirflokkur

(category) hvers

flokks (class) til

kynna hvort það er

„hætta“ (*danger*)

eða

„varúð“ (*warning*) í

samræmi við

töflurnar í viðauka

I.

Tilkynningar í flokkunar- og merkingaskrá

Flokkun hættulegra efna á markaði átti að tilkynna í síðasta lagi 3. janúar 2011 eða 30 dögum eftir að efni er sett á markað eftir 1. desember 2010.

Framleiðendur efna og innflytjendur efna og efnablandna eiga að senda inn tilkynningu í flokkunar- og merkingarskrá Efnastofnunar Evrópu í samræmi við ákvæði 40. greinar. Senda má tilkynningu um flokkun með IUCLID 5 forriti eða í gegnum REACH-IT sem nálgast má upplýsingar um hjá Umhverfisstofnun eða Efnastofnun Evrópu.



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sími: 591 2000
Fax: 591 2010
Netfang: ust@ust.is

**Sérstakt,
miðlægt
flokunarsafn
efna kemur í stað
efnalista í
núverandi mynd**

Gera má ráð fyrir talsverðum áhrifum af völdum þessara breytinga. Fjöldi hættuflokkaðra efna hefur aukist við að færa ábyrgð frá yfirvöldum til markaðarins. Flokkunarmörkin sjálf hafa þó lítið breyst. Útlit er fyrir að fleiri efnablöndur þurfi að merkja vegna nýrra viðmiða, breytinga á reiknireglum og lágmarksstyrk. Þá er viðbúið að í einhverjum tilfellum muni meira pláss á umbúðum fara undir merkingarnar, ekki síst ef nota þarf fleiri hættumerki og vegna breyttrar lögunar þeirra. Listinn í VI. viðauka yfir efni með samræmda flokkun er nokkuð frábrugðinn núverandi lista. Listinn er ekki tæmandi og má þar sérstaklega nefna að ekki er lengur vísað til viðeigandi varnaðarsetninga. Ætlunin er að sérstök flokkunar- og merkingaskrá muni með tímanum leysa samræmda listann af hólmi. Þetta hefur í för með sér að miklu meiri upplýsingar um hættueiginleika efna eru nú orðnar aðgengilegar. Meðal þeirra breytinga sem verða á flokkun og merkingum efna er að færri efni munu fá hina einkennandi merkingu eittraðra efna sem varnaðarmerkið með hausjúpunni

Áhrif



Hættumerki: Gas

er. Þá verða aleitruðustu efnin ekki lengur merkt sem eitruð heldur banvæn.

Tvöföldu kerfi verður viðhaldið til 2015 sem gerir auknar kröfur til fyrirtækja en ávinningur er einnig fólgin í löngum aðlögunartíma sérstaklega fyrir smá og meðalstór fyrirtæki með vörur á markaði. Með tímanum má

búast við auknum möguleikum á verslun með efni og efnavörur við lönd utan EES sem bjóða upp á sömu merkingar. Merkingar hættulegra efna og efnablandna eiga sem áður að vera á íslensku. Þó verður heimilt að birta efnaheiti á erlendum málum.

Sjálfsgagt mun reynast erfiðara fyrst um sinn að merkja efni og efnablöndur samkvæmt þessum nýju reglum en hjá Umhverfisstofnun er hægt að nálgast leiðbeiningar auk almenns fræðsluefnis sem senn verða aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Sérstakt þjónustuborð er starfrækt hjá stofnuninni þar sem fyrirsprungnum er svarað jafnóðum af sérfræðingum stofnunarinnar sem hafa bakland hjá Efnastofnun Evrópu.